

Útskriftarræða 16. júní 2018

Ágætu útskriftarnemar, Bifrestingar og gestir.

Til hamingju útskriftarnemar. Til hamingju aðstandendur. Til hamingju við öll.

Útskriftardagurinn okkar er dagur gleði, stolts og uppgjörs fyrir tímann og vinnuna sem að baki er. Mikilvægur áfangi í lífi okkar allra hefur náðst. Útskriftarnemarnir okkar eru hetjur dagsins. Okkar lið. Okkar sigurvegarar í þeirri baráttu sem háð hefur verið. Við, þjálfararnir og aðstoðarmennirnir, njótum sigursins líka. Við erum sannarlega stolt af okkar liði.

Útskriftardagurinn er líka dagur þakklætis. Við sem störfum í skólanum þökkum útskriftarnemendunum fyrir samfylgdina. Við þökkum þeim líka fyrir þann heiður og það traust sem okkur var sýnt þegar þær mikilvægu ákvarðanir voru teknar að velja Háskólann á Bifröst. Við vitum að með námi á Bifröst hafa þeir sem nú útskrifast aukið hæfni sína og möguleika á vinnumarkaðnum en líka orðið að betri manneskjum sem leggja mikið af mörkum til að bæta samfélagið.

Við þurfum líka að þakka öllum aðstandendum útskriftarnemendanna okkar. Það er fólkið sem hefur aðstoðað og veitt svigrúm eftir megni þannig að nemendurnir hafa náð að

setja þá vinnu, orku og einbeitingu sem þarf til að útskrifast með gráðu frá Háskólanum á Bifröst.

Gráður frá Háskólanum á Bifröst koma ekki sjálfkrafa. Fyrir þeim þarf að hafa. Það þarf að hlusta á fyrirlestrana, lesa bækurnar, vinna verkefni og taka prófin. Allt þetta gerir enginn nema nemandinn sjálfur. Í námið fer drjúgur tími og orka. Í fótboltanum eru það leikmennirnir inni á vellinum sem þurfa að verjast og sækja, hlaupa, ná boltanum, senda hann og skora mörk. Þjálfararnir undirbúa leikmennina og stuðningsmennirnir hvetja þá til dáða. En leikurinn er spilaður inni á vellinum sjálfum og vinnst þar eða tapast. Sambærilegt lögmál á við um námið hér í Háskólanum á Bifröst. Það fær enginn neitt nema að spila leikinn af krafti og dugnaði.

Við segjum stundum hér á Bifröst; „Það skeður ekkert fyrir okkur“. Við þurfum að hafa fyrir og skapa sjálf allt sem við fáum. Þetta á ekki síst við um útskriftarnemendurna okkar. Þeir hafa skapað sinn eigin árangur með vinnu sinni og frammistöðu. Við höfum því fulla ástæðu til að gleðjast í dag.

Útskriftardagurinn er mikill bjartsýnisdagur. Árangurinn sýnir hvað er hægt. Gráðan er komin í hús. En lífinu er ekki lokið. Þvert á móti. Nú verður meira gaman að lifa því. Takast á við ný og erfiðari verkefni. Kraftar hafa verið leystir úr læðingi. Þeir verða beislaðir til góðra verka.

Kæru vinir. Það er gaman að standa hér og horfa yfir þennan hóp. Hér er mikið af hamingjusömu og ánægðu fólki samankomið. En ég sé líka að Bifrastarglampinn er kominn í

augu ykkar ágætu útskriftarnemar. Bifrastarglampinn er blikið sem kemur í augu Bifrestinga þegar þeir minnast veru sinnar hér í skólanum. Hann mun fylgja ykkur alla tíð.

Bifrestingar eru nefnilega sérstakt fólk. Einstakt fólk.

Bifrestingar hafa haslað sér víða völl og um okkur er gjarnan sagt; „Bifrestingar leysa vandamál“ Og þetta er engin tilviljun. Kennsluaðferðirnar hér í Háskólanum á Bifröst eru einmitt til þess fallnar að þjálfar nemendur í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum. Bifrestingar leysa verkefni ýmist einir og sér eða í hópum allt eftir því hvað við á. Bifrestingar kunna að afla sér upplýsinga og leita svara við spurningum sem upp koma.

Háskólinn á Bifröst hefur verið í fararbroddi í innleiðingu nýrra kennsluhátta í íslenskum háskólum. Allt er gert til að virkja sem allra best þá orku og erfiði sem nemendur setja í námið.

Fyrirkomulagið í fjarnáminu hefur þróast vel og á sínum eigin forsendum. Fjarnámið á Bifröst er ekki byggt á því að færa skólastofuna út til nemenda. Það byggir þvert á móti á því að nýta alla þá samskiptamöguleika sem fjarnámstæknin býður uppá. Og fjarnámið er í sífelldri þróun.

Verkefnavinnan er lykilþáttur í kennslunni á Bifröst. Með verkefnavinnunni tileinka nemendur sér gildi skólans; frumkvæði, samvinnu og ábyrgð. Nemandinn getur ekki setið aðgerðarlaus og látið mata sig. Verkefnum verður að skila og það þarf að setja þá vinnu tímanlega í gang. Í hópaverkefnum og misserisverkefnum þurfa nemendur að vinna saman.

Nemendur þurfa að læra að treysta hver öðrum og taka á sig ábyrgð gagnvart samstarfsmendum.

Líka hentar vel að verkefnavinnan telji til einkunnar og nemendur sjá jafnóðum hvernig þeim er að sækjast vinnan. Próf eða lokaverkefni gilda ekki allt. Þessi aðferð við námsmat hefur sérstaklega góð áhrif þegar fólk hefur snúið til baka eftir langt námshlé og er óöruggt til að byrja með. Þá skiptir máli að sjá strax að vinnan er að skila árangri og að áformin ganga upp.

Breytingin yfir í lotukerfi hefur líka skilað sínu í starfi okkar hér í Háskólanum á Bifröst. Nú er vinnuálagi dreift mun betur en áður þegar nemendur tóku kannski 5 námskeið á sama tíma og lokaskil og próf í 5 fögum röðuðust á tiltölulega fáa daga. Það styður verulega við árangur nemenda að geta einbeitt sér að tveimur til þremur fögum í einu þegar viðkomandi er í fullu námi og hafa færri fög undir þegar hægar er farið í gegn.

Mikið er lagt upp úr virkum samskiptum kennara og nemenda hvort heldur nemendur eru í fjarnámi eða búa hér á Bifröst. Allt viðmótið í skólanum á að byggja á því að nemandinn sé einstaklingur en ekki kennitala. Persónuleg þjónusta og samskipti eru lykilatriði. Því má auðveldlega halda fram að samskipti milli kennara og nemenda í fjarnámi Háskólanum á Bifröst séu meiri og sterkari en í öðrum skólum sem byggja á hefðbundnu námsfyrirkomulagi. Þeir nemendur sem búa á Bifröst fá svo í mörgum tilfellum enn meiri tækifæri til samskipta við kennara.

Kennsluhættir eru í sífelldri þróun hér í skólanum. Nú í haust munum við byrja að innleiða Ugluna sem nemendaskráningarkerfi en það bætir mjög upplýsingakerfi skólans. Þetta er gert í góðu samstarfi við Háskóla Íslands sem hefur þróað kerfið og rekið það. Við munum jafnframt hefja uppfærslu á kennslukerfunum okkar. Fyrsta skrefið er að innleiða Echo 360 sem er upptökukerfi fyrir fyrirlestra og í framhaldinu skiptum við MySchool út fyrir nýtt alþjóðlegt kennslukerfi í fremstu röð.

Ágætu útskriftarnemar. Við sem störfum hér í skólanum erum stolt af ykkur og við erum stolt af skólanum okkar. Við höfum mikinn metnað fyrir okkar hönd og ykkar. Við viljum að ykkur gangi sem allra best í framtíðinni. Þið hafið lagt mat á störf kennara og gæði námskeiða í kennslumati í hverri lotu. En hin raunverulega einkunn sem við fáum sem störfum í skólanum kemur þegar þið eruð horfin á braut til starfa á vinnumarkaðnum og látið til ykkar taka í samfélaginu. Þá verða ykkar verk okkar einkunn. Skólinn verður metinn eftir því hvernig þið standið ykkur. Og ég kvíði ekki þeirri einkunn.

Við lifum nú á tímum örra breytinga sem láta ekkert okkar ósnortið. Háskólinn á Bifröst er stofnun sem hefur ekki farið á mis við breytingar á 100 ára vegferð sinni. Já, kæru vinir, Háskólinn á Bifröst er 100 ára í ár. En hann er stofnun sem hefur lifað í 100 ár einmitt vegna þess að hann hefur breyst og uppfært sig í takt við þarfir nemenda og samfélagsins. Og skólinn hefur alla tíð verið trúr sínu hlutverki að mennta fólk til

forystu í atvinnulífinu og samfélaginu. Einmitt þess vegna er skólinn að verða 100 ára.

Við horfum nú fram á það að hið hefðbundna námslíkan sem hefur verið ráðandi síðustu 100 árin eða svo er að daga uppi. Löngum var það svo að menntakerfið með framhaldsskóla og háskóla í fararbroddi virkaði eins og framleiðslulína sem afgreiddi nemendur á færibandi frá 6 ára aldri fram á þrítugsaldur. Útkoman var einstaklingur með próf upp á vasann sem átti að duga út lífið helst í einu ævistarfi í fyrirtæki eða stofnun. Ekki er hægt að segja annað en að við sem þjóð höfum staðið okkur nokkuð vel í þessari framleiðslu því að Hagstofa Íslands segir okkur að 40% einstaklinga á aldrinum 25 – 64 ára séu með háskólamenntun.

Breytingarnar sem við upplifum skarpt þessa dagana er að eitt ævistarf er sjaldnast í boði. Fólk skiptir iðulega um starf oft á ævinni, það skiptir um vinnuveitenda oft á ævinni, sama starfið þróast og breytist og við þurfum sífellt að afla okkur nýrrar þekkingar. Við verðum okkar eigin vinnuveitendur oft á tíðum. Við þroskumst oftast með starfinu okkar, lærum á nýjungar, þróum starfið og bætum. En oft hverfa störf. Og ný störf verða til. Við þurfum því að hafa aðlögunarhæfni og geta mætt þessum miklu breytingum og helst að vera skrefinu á undan.

Háskólarnir munu í auknum mæli þurfa að þjóna fólki meira og minna alla starfsævina. Þótt fólk hafi háskólapróf og þróist og læri í starfi þá verða breytingarnar í mörgum tilfellum svo örar að fólk þarf að koma aftur í skóla og bæta við sig. Ýmist að

dýpka þekkingu sérsviði sínu eða að víkka þekkingu með því að fara inn á nýtt svið.

Þetta vekur líka spurningu um hvort að hið algenga viðhorf okkar til brottfalls úr skóla eigi rétt á sér. Oftast finnst okkur að brottfall, sérstaklega úr framhaldsskóla, sé alvarlegt mál. Ef fólk er á annað borð að fara í skóla af og til yfir alla starfsævina, og við getum frá sjónarhóli skólanna talað um að fólk sé í raun bara að taka sér mislangt námshlé, er þá eitthvað að því að fyrsta námshlé hefjist á framhaldsskólaaldri?

Er ekki ungur einstaklingur sem hvílir sig á námi og vinnur og borgar skatta að leggja af mörkum til samfélagsins? Og verður ekki námsferillinn markvissari þegar raunverulegur námsáhugi fylgir skólagöngunni? Mér finnst nokkuð augljóst að við þurfum að hætta að byggja menntakerfið upp út frá þörfum færíbandsins en í staðinn að leggja áherslu á þarfir einstaklingsins. Þetta þýðir að menntavegurinn þarf að vera bæði opinn og greiðfær alla starfsævina. Fólk mun alltaf hafa mismunandi þarfir á mismunandi tímum ævi sinnar.

Annað sem einkennir þróun menntakerfisins okkar, sérstaklega háskóla, á okkar tímum er hversu auðvelt er að ná í upplýsingar. Við getum flett ótrúlega mörgu upp á netinu á örskotsstundu. Leitarvélarnar eru orðnar svo öflugar. Þýðing þess að leggja upplýsingar á minnið hefur því snarlega minnkað. Það hefur lítið uppá sig lengur að prófa nemendur í sparðatíningi eins löngum viðgekkst. Nú hefur mesta þýðingu að nemendur læri að afla upplýsinga og vinna úr þeim. Gagnamagnið í heiminum í

dag er yfirþrymlegt og það er mikið mál hvernig gögnum er breytt í upplýsingar og upplýsingum breytt í verðmætar og markvissar upplýsingar sem hægt er að nýta við ákvarðanatöku.

Menntun snýst því í auknum mæli um að rækta skilning á viðfangsefninu og hvernig gögn eru unnin til að skapa verðmætar upplýsingar. Virkja þarf límheilann í annað en að muna smáatriði. Það er athyglisvert að margir sem fjalla um þessi mál ræða um að við séum að þessu leyti að hverfa aftur til kennsluaðferða Sókratesar. Hann kenndi nemendum sínum engin svör. Hann kenndi þeim að spyrja réttu spurninganna. Og það er í rauninni mögnuð aðferð.

Ábyrgð er eitt af gildum skólans. Útskriftarnemarnir okkar hafa sannarlega þurft að sýna ábyrgð í náminu. Ábyrgð gagnvart sjálfum sér og fjölskyldu sinni með því að skila verkefnum á tíma og ljúka öllum prófum. Ábyrgð gagnvart samnemendum sínum með því að standa sig í stykkinu í öllum hópverkefnum. En við leggjum líka mikla áherslu á að rækta ábyrgð okkar gagnvart samfélaginu og umhverfinu.

Ég þreytist aldrei á að nefna það að ábyrgð okkar gagnvart samfélaginu felst meðal annars í því að Bifrestingar þekkja muninn á metnaði og græðgi. Við viljum að Bifrestingar séu metnaðarfullir einstaklingar sem sækjast eftir því að láta til sín taka í samfélaginu. En metnaður okkar byggir á því að þjóna öðrum. Við viljum skapa verðmæti fyrir samfélagið og að við og okkar fjölskyldur njótum góðra verka. Við viljum afneita græðgi sem felst í því að hugsa um að skara eld að sinni köku án þess að

gera neitt fyrir aðra eða samfélagið og jafnvel að skapa tjón fyrir aðra. Að hafa metnað til að standa sig í heilbrigðri samkeppni í rekstri og ná árangri með því að gera betur en aðrir hefur ekkert með græðgi að gera vegna þess að allt samfélagið nýtur þess að búa við vel rekin fyrirtæki eða stofnanir.

Háskólinn á Bifröst var fyrsti íslenski háskólinn til að taka þátt alþjóðlegu samstarfsverkefni háskóla um PRME sem stendur fyrir Principles of Responsible Management Education.

Samstarfið gengur út á að tvinna gildi og viðhorf sjálfbærrar þróunar inn í alla kennslu og starfsemi háskóla og auka þannig vitund og skilning skólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Finna má samsvörun við gildi PRME innan ólíkra námskeiða við deildir skólans og einnig rannsóknum akademískra starfsmanna og samstarfsverkefnum við aðra skóla.

Ég þreytist heldur aldrei að nefna það að Bifrestingar þekkja muninn á stolti og hroka. Það er nauðsynlegt hverjum einstaklingi að geta verið stoltur af sjálfum sér. Útskrift úr Háskólanum á Bifröst er verðugt tilefni fyrir stolt.

Útskriftarnemendurnir hafa unnið fyrir því að leyfa sér að vera stoltir. Við getum verið stolt af svo mörgu. Við, kæru vinir, erum öll stolt í dag. En þegar við erum stolt megum við ekki vera hrokafull. Við erum ekki yfir aðra hafin. Við viljum að okkur gangi vel en það leyfir okkur ekki að ganga yfir aðra. Í því felst líka okkar ábyrgð. Við hlustum. Við berum virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra. Við megum samt vera ósammála og

hafa aðrar skoðanir og stjórna sjálf okkar lífi. Við þurfum vissulega að miðla málum. Allt samfélagið byggir á málamiðlunum. Þótt við séum stolt og teljum að við höfum mikið til málanna að leggja tökum við þátt í málamiðlunum og sameiginlegum niðurstöðum. Hópaverkefni, ekki síst misserisverkefni, í Háskólanum á Bifröst eru sérstök þjálfun í að þekkja muninn á stolti og hroka.

Í samfélagi okkar hér á Bifröst viljum við rækta með okkur vináttu og gagnkvæman stuðning. Við viljum njóta smæðarinnar og nálægðarinnar hvert við annað. Kynferðislegt eða kynbundið áreiti og ofbeldi eiga því ekki heima í okkar samfélagi. Í vetur höfum við verið að endurnýja allt okkar regluverk og viðbrögð við frávikum frá því háskólasamfélagi sem við viljum búa og starfa í. Sérstakar reglur hafa verið settar til höfuðs kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi og áætlun um aðgerðir sett af stað. Ennfremur er hafin vinna með Landbúnaðarháskólanum að sameiginlegum siðareglum og sameiginlegri siðanefnd. Von mín er sú að ekki reyni á þetta regluverk okkar og sem betur fer gerist það mjög sjaldan en samt finnst okkur að hvert eitt tilvik sé einu tilviki of mikið.

Ég vil trúa ykkur fyrir því, kæru vinir, að það eru mikil forréttindi að fá að vera rektor Háskólans á Bifröst og standa hér og ræða við ykkur á þessum hátíðisdegi í lífi okkar allra. En ég er hér sem fulltrúi alls hins góða hóps framúrskarandi starfsfólks skólans sem leggur mikið, metnaðarfullt og óeigingjarnt starf af mörkum til þess að ná þeim markmiðum sem við nú fögnum. Ég vil færa

starfsfólki skólans sérstakar þakkir fyrir sín störf. Það hefur skilað skólanum fram á veginn og 100 ára saga skólans er góður minnisvarði um allt það góða starf sem unnið hefur verið í skólanum.

Útávið er kennslan hliðin sem snýr að nemendum og við hér í Háskólanum á Bifröst teljum okkur vera með sérlega gott kennaralið. Útskriftarnemendurnir okkar hafa átt sinn þátt í að móta þessa skoðun okkar með því að kennslumatið sem við fáum er afar gott þegar á heildina er litið. Gegnumgangandi er verið að gefa yfir 4 af 5 mögulegum í þessu mati.

Fastir akademískir starfsmenn eru líka að verða öflugri í akademískum rannsóknum. Háskólinn á Bifröst fær úthlutað fjármagni sérstaklega til þess að stunda akademískar rannsóknir. Á síðasta ári var þessi upphæð nýtt til þess að standa undir 4 ársverkum við rannsóknir sem dreifðust á starfsmenn út frá áhuga þeirra og verkefnum. Það er ánægjulegt til þess að vita að þessi þáttur starfseminnar hefur verið tekinn mun fastari tókum en áður og metnaður akademískra starfsmanna hefur aukist. Á síðasta ári samsvöruðu rannsóknastig í heild um 5 ársverkum og afköstin þannig vel yfir því sem úr er að spila. Mikilvægt er að rækta og efla þennan þátt í starfsemi skólans.

Starfsfólk við stjórnarsýslu og aðra umsýslu passar vel uppá að allt gangverkið í sé í góðu lagi. Það eru ótrúlega mörg handtök sem þarf að vinna til þess að skólastarfið gangi snurðulaust fyrir sig. Við erum mjög heppin að hafa samhentan og góðan hóp til að annast þessi mál. Útskriftin hér sannar fyrir okkur að öll tilskilin

námskeið hafa verið tekin, öllum verkefnum og ritgerðum skilað og öllum prófum náð og allt rétt skráð. Öll kerfin og aðstaðan í skólanum hafa virkað. Það þarf öflugt fólk til að halda utan um og þjónusta þennan glæsilega hóp sem við erum að útskrifa hér.

Háskólinn á Bifröst er líka lánsamur með að eiga öflugt bakland aðstandenda sem skipa fulltrúaráð og stjórn skólans. Þetta fólk vakir yfir starfseminni og er alltaf tilbúið til að styðja og hvetja. Fyrir það þökkum við.

Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg í nútíma samfélagi og hefur reyndar alltaf verið. Miklu máli skiptir að fólk, sérstaklega forystufólk, geti tjáð sig vel og komið vilja sínum og skoðunum á framfæri á áhrifaríkan hátt. Ekki síður skiptir máli að hafa næmni fyrir stöðu samstarfsmanna, viðskiptavina og annarra sem samskipti þarf að hafa við. Um allt þetta lærum við í Háskólanum á Bifröst og tileinkum okkur eftir bestu getu. Kennsluaðferðirnar hér í skólanum hjálpa hér til.

Í mínu ungdæmi og skólagöngu var lítil formleg kennsla á þessum sviðum. Þá lærðum við hins vegar um þessi mál af alls kyns sögum af fólki og reynslu okkar sjálfra. Ég vil segja ykkur hér eina af þessum sögum sem kenndi mér mikið.

Það var hér fyrir mörgum áratugum síðan að bóndi norðan úr Skagafirði sem Tryggvi hét lagði leið sína á landsfund Sjálfstæðisflokksins í fyrsta sinn. Tryggvi var mikill og virkur Sjálfstæðismaður og þekktur fyrir ýmislegt í héraðinu. Hann átti son sem hét Oddur en sá hafði nokkrum mánuðum fyrr verið með í stjórnmalaskóla Sjálfstæðisflokksins sem á þessum tíma

þótti mikið mál. Þar fékk fólk línuna og lærði um stefnu, störf og skipulag flokksins. Nú, þegar komið var á landsfund vildi Tryggvi gefa sig á tal við forystumenn flokksins sem hann hafði reyndar aldrei hitt. En hann taldi að Oddur sonur sinn hefði framast nokkuð af veru sinni í stjórnmalaskólanum og því væri rétt að tengjast þessum mönnum betur.

Vék hann sér fyrst að Bjarna Benediktssyni og kynnti sig svo; Sæll. Ég heiti Tryggvi, faðir hans Odds sem var í stjórnmalaskólanum í fyrravetur.

Þekki ekki manninn, sagði Bjarni.

Tryggvi var nú frekar vonsvikinn með þetta svar en lét það samt ekki slá sig út af laginu og vék sér nokkru síðar að Ólafi Thors og kynnti sig á sömu leið; Sæll. Ég heiti Tryggvi, faðir hans Odds sem var í stjórnmalaskólanum í fyrravetur.

Sæll Tryggvi minn. Hvernig hefur konan þín það? svaraði Ólafur.

Lyftist nú heldur betur brúnin á Tryggva og mátti nærri geta á hvorum foringjanna hann fékk meira álit og hann sagði þessa sögu út um allt. Það vildi nefnilega líka svo til að konan hans Tryggva átt við heilsuleysi að stríða. Mikið var rætt um hversu klókur Ólafur hefði verið og fljótur að hugsa að draga strax þá ályktun að Tryggvi ætti konu fyrst hann ætti son.

Ágætu útskriftarnemar. Ég vil hvetja ykkur til þess að leyfa þessari litlu sögu að setjast í huga ykkar og það er hollt að rifja hana upp næst þegar þið lendið í aðstæðum gagnvart

samferðamönnum ykkar sem koma flatt uppá ykkur. Þá skiptir máli að reyna að grípa það jákvæða og það óvænta. Þannig fáum við fólk með okkur.

En nú er komið að lokum þessa leiks hér í Háskólanum á Bifröst og nýr leikur í lífi ykkar allra að hefjast. Ég óska ykkur alls hins besta í framtíðinni. Þau ykkar sem velja að halda áfram í skólanum okkar í grunnnámi eða meistaranámi vil ég bjóða hjartanlega velkomin til leiks á ný. Þið verðið örugglega sigurvegarar í þeim leik.

Dagurinn er ykkar ágætu útskriftarnemar. Njótið hans vel. Á morgun byrjar alvaran á ný. Framtíðin er ykkar. Kjarkurinn er ykkar. Alvaran verður skemmtileg og björt.

Ég treysti ykkur til allra góðra verka.